2. Prestaskólasjóðurinn. 46

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1883:			
a. konungleg skuldabrjef	kr.	3100,00	
b. skuldabrjef einstakra manna	—	300,00	
c. Í peningum hjá forstöðumanni prestaskólans	—	4,60	kr. 3404,60
2. Vextir til 11. des. 1884			— 136,00
			kr. 3540,60

Útgjöld.

1. Styrkur veittur:			
a. Stúdent Skúla Skúlasyni	kr.	50,00	
b. Stúdent Páli Stephensen	—	30,00	
c. Stúdent Arnóri Árnasyni	—	26,00	
d. Stúdent Ólafi M. Stephensen	—	30,00	— 136,00
2. Eptirstöðvar við árslok 1884:			
a. konungleg skuldabrjef	kr.	3100,00	
b. skuldabrjef einstakra manna	—	300,00	
c. í peningum hjá forstöðumanni prestaskólans	—	4,60	— 3404,60
			kr. 3540,60

Reykjavík, 18. maí 1885.
S. Melsted.

Reikningur 47

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Ørum & Wulffs 1884.

Tekjur.

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1884:			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar Litr. G. Fol. 1130	kr.	4000,00	
b. Í peningum	—	13,90	kr. 4013,90
2. Leigur af innstæðufje sjóðsins $^{11}/_{6}83$—$^{11}/_{6}84$			— 160,00
			kr. 4173,90

Gjöld.

1. Borgað fyrir auglýsing í «Fróða»			kr. 0,75
2. Styrkur veittur Þorsteini Jónssyni á Eyðum			— 160,00
3. Í sjóði við árslok 1884:			
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar Litr. G. fol. 1130	kr.	4000,00	
b. Í peningum	—	13,15	— 4013,15
			kr. 4173,90

Skrifstofu norður- og austuramtsins 28. janúar 1885.
J. Havsteen. *Þ. Guðjohnsen.*

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um sölu á þjóðjörðum sam-** 48
kvæmt lögum $^{8}/_{11}$ 83. — Í tilefni af tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknanlegu 23. marz.
brjefi 7. f. m., veitir ráðgjafinn yður hjermeð, samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883, um að

48 stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, myndugleika til að selja hlut-
23. marz. aðeigandi leiguliðum eptirnefndar þjóðjarðir fyrir verð það, sem ákveðið er lægst í tjeðum lögum, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem þar eru heimilaðir. Jarðir þessar, sem í lögunum eru hin 2. 3. 4. og 9. í röðinni, eru þær sem hjer segir:

Þverá í Kleifahreppi; jörð þessa sem með virðingargjörð þeirri, er fyrirskipuð er í 2. gr. nefndra laga er virt á 1820 kr., má selja ábúandanum Guðlaugi Guðmundssyni fyrir 2027 kr.

Hlíð í Leiðvallahreppi, virt á 2000 kr.; hana má selja ábúandanum Sigríði Sveinsdóttur fyrir 2360 kr.

Arnarnes í Eyjafjarðarsýslu, virt á 3000 kr.; hana má selja ábúandanum Antoni Sigurðssyni fyrir 3200 kr.

Orrastaðir í Húnavatnssýslu, virt á 2500 kr.; hana má selja ábúandanum Eysteini Jónssyni fyrir 3000 kr.

Sömuleiðis skal yður veittur myndugleiki til að gefa út kaupbrjef fyrir nefndum jörðum.

Virðingargjörðir þær, er fylgdu ofannefndu brjefi yðar, endursendast hjermeð.

49 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um makaskipti á kirkjujörð.**
30. apr. — Samkvæmt tillögum ráðgjafans í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 21. f. m., hefir hans hátign konunginum 21. þ. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að eignarjörð Sauðafells kirkju Hamrar í Laxárdal í Dalasýslu í Vesturamtinu verði seld í makaskiptum fyrir hálfa jörðina Sauðafell í sömu sýslu, þannig að fyrnefnd jörð verði eptirleiðis, að því er skattskyldu snertir, skoðuð sem hver önnur bændaeign en hin síðarnefnda sæti sömu kjörum sem aðrar kirkjujarðir.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

50 **Brjef landshöfðingja** *til biskupsins yfir Íslandi* **um niðurlagning Melakirkju.**
23 maí — Samkvæmt ályktun hjeraðsfundarins í Borgarfjarðarprófastsdæmi og tillögu yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi 8. desember f. á. og eptir að hafa meðtekið yfirlýsingu þá frá eiganda Leirárkirkju, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar 10. f. m., vil jeg hjermeð með skýrskotun til 4. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febrúar 1880 fallast á:

1, að kirkjan á Melum í Melasveit verði lögð niður og rifin, og að bæjir þeir, sem nú heyra til Mela sókn eigi framvegis kirkjusókn að Leirá,

2, að sjóður Melakirkju svo og ornamenta hennar og instrumenta og andvirði kirkjuhússins leggist til Leirárkirkju, gegn því að þessi kirkja verði stækkuð svo, að hún rúmi söfnuð hinna tveggja sameinuðu sókna.

Aptur á móti er engin heimild til þess að lögum, að eigandi Leirárkirkju fái fyrir stækkun þessarar kirkju, einsog hann hefur óskað eptir, andvirði 2 seldra hestamæðra og búshluta sem hafa fylgt Mela stað, þarsem þessir munir sem annað staðarfje verða að